



Borgarráð

Efni: Tillaga um útgáfu í skuldabréfaflokknum RVK 32 1 í tengslum við aðalmiðlarasamninga.

Lagt er til að borgarráð samþykki í tengslum við viðskiptavakt á skuldabréfaflokknum RVK 32 1 útgáfu á skuldabréfum í þeim flokki að nafnverði 320 mkr. Þessi skuldabréf eru í eigu Reykjavíkurborgar og eru notuð í fyrirgreiðslu til handa viðskiptavökum ef þurfa þykir.

Greinargerð:

Í aðalmiðlarasamningum sem samþykktir voru í borgarráði þann þann 17. maí sl. var samþykkt að taka upp viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 að loknu útboði á seinni helmingi ársins 2018. Á sama tíma yrði viðskiptavakt með RVK 19 1 hætt.

Útboð í skuldabréfaflokknum RVK 32 1 er ný af staðið og því tímabært að hefja viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn í samræmi við aðalmiðlarasamninginn.

Í tengslum við viðskiptavaktina þarf Reykjavíkurborg að eiga skuldabréf í skuldabréfaflokknum RVK 32 1 til að nota í fyrirgreiðslu til handa viðskiptavökum ef þurfa þykir. Þessi útgáfa byggir á aðalmiðlarasamningi í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Í 8 gr. þess samnings segir:

Reykjavíkurborg veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að aðalmiðlarar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá Reykjavíkurborg, gegn tryggingu.

Í samningi um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa kemur fram að hver og einn af fjórum viðskiptavökum getur fengið lánuð skuldabréf að fjárhæð 80 mkr að nafnverði. Því þarf útgáfan að vera 320 mkr að nafnverði.

Þessi útgáfa kemur til viðbótar við áður útgefna útgáfuáætlun en þar sem þessi skuldabréf eru eign Reykjavíkurborga er ekki um skuldaaukningu að ræða.

Reykjavíkurborg greiðir kostnað við þessa útgáfu 320.000 kr. (0,1% af nafnvirði) ásamt öðrum lögboðnum gjöldum til kauphallar.

Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri Reykjavíkurborgar